

18
31. jan

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hríseyjar.

I. RAFORKA

Rafveita Hríseyjar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 3.00 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 auru hverja kwst., fyrir alla notkun á heimilinu, auk fastagjalds, er nemi kr. 1.25 á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélar.

Orka til vélareksturs skal seld um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00 á hvert kw. vélanna.

D. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitunefnd selt raforku með sérstökum samningi með því skilyrði, að stöðva megí þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi nefndarinnar.

E. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Enn fremur er rafveitunni heimilt að selja raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlið eftir samningi, ef þörf gerist.

II. MÆLALEIGA

Rafveitunefnd ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.75 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 8.75 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 12.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

18

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald 31. jan. sem hér segir:

1. Grunn gjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 600.00
2. Grunn gjald af hverri jarðlínuheimtaug — 900.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitunefnd samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það mat.

Sé lengd jarðstrengsheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en $3 \times 70 \text{ mm}^2$, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 20 krónur.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald til gjaldkera rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hríseyjar, nr. 102 9. ágúst 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.